

REGLUGERÐ**107**
2. nóv.

um

breyting á reglugerð nr. 57, 11. júlí 1923, um bann við dragnótaveiði í landhelgi við sunnanverðan Faxaflóa.

1. gr.

Í landhelgi fyrir framan strandlengju Gerðahrepps á svæðinu frá línu, er liggur um hreppamörk Gerðahrepps og Keflavíkurhrepps að línu, er liggur þannig að Varaósvitaljósinn beri saman, skal leyft að nota dragnætur til fiskiveiða á tímabilinu frá 2. til 30. nóvember þ. á.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. nóvember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ**108**
6. nóv.

um

sölu og veitingar vína þeirra, er ræðir um í lögum nr. 3. frá 1923.

Samkvæmt 45. gr. í lögum nr. 64 frá 1930, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um varnir gegn misbrúkun við sölu og veitingu vína þeirra, er ræðir um í lögum nr. 3 frá 1923, og um hæfilegan skipsforða af vinum þessum.

1. gr.

Áfengisverzlun ríkisins hefir aðsetur sitt í Reykjavík og útibú í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri, Siglufirði og Ísafirði.

2. gr.

Áfengisverzlun ríkisins má ein flytja vinin inn.

108

6. nóv.

3. gr.

Áfengisverzlunin selur vínin, eftir því sem nánara er ákveðið í reglugerð þessari og gildandi lögum.

Verzlunin skal jafnan hafa forða í Reykjavík af vínunum.

4. gr.

Áfengisverzlunin selur vínin þeim, er hér segir:

1. Veitingastöðum, sem veita mega vínin samkvæmt reglugerðinni.
2. Læknum, er rétt hafa til lyfjasölu, og lyfsölum, þó aðeins þau vín, sem talin eru í lyfsöluskrá, og aðeins til lyfja.

5. gr.

Áfengisverzlunin ákveður útsöluverð vinnanna. Á hverri flösku skal tilgreint útsöluverðið.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið ræður forstöðumenn útibúanna og ákveður kjör þeirra. Skulu þeir fara nákvæmlega eftir ákvæðum þessarar reglugerðar, gildandi lögum og þeim frekari ákvæðum, er ráðuneytið kann að setja um sölnu yfirleitt eða sérstaklega fyrir hvern sölustað.

7. gr.

Forstöðumönnum útibúanna skal skylt að færa í frumbækur (tviritunarbækur) sérhverja afhendingu og geta nafns kaupanda og dagsetningar í hvert skipti. Að öðru leyti er forstöðumanni áfengisverzlunar í samráði við dómsmálaráðuneytið skylt að mæla fyrir um, hvernig bókfærslu og skilum útibúanna skuli hagað.

8. gr.

Útsölustaðir skulu vera lokaðir frá hádegi á laugardögum til kl. 9 árdegis á mánudögum.

9. gr.

Veitingu vína, þ. e. sölu til neyzlu á staðnum, má aðeins hafa um hönd af þeim, sem dómsmálaráðuneytið veitir heimild til þess og í þeim veitingahúsum, er ráðuneytið samþykkir. Skyldur er veitingasali að fara eftir þeim reglum, sem ráðuneytið setur honum. Í engu veitingahúsi má veita áfengi nema með mat í borðsal veitingahússins, og ekki nema á tímabilinu frá kl. 12½ til kl. 1½ síðdegis, og frá kl. 7 til kl. 11 síðdegis. Frá kl. 2 til kl. 7 síðdegis, og eftir kl. 11½ síðdegis má alls ekki neyta víns í veitingahúsi.

10. gr.

Enginn má hafa með sér vín í veitingahús eða hafa það með sér þaðan. Veitingamanni er skylt að gæta þess, að ekki sé brotið gegn þessu.

11. gr.

108

Óheimilt er áfengisverzluninni, útibúum hennar og veitingastöðum að selja vín: 6. nóv.

1. Þeim, sem yngri eru en 21 árs;
2. Þeim, sem vín sér á, er þeir beiðast kaupa;
3. Þeim, sem á 6 mánaða tímabili á undankaupbeiðninni hafa orðið brotlegir við áfengislöggjöfina. Skal lögreglustjórum og dómurum skylt að tilkynna áfengisverzluninni og næsta útibúi hennar þegar í stað, ef einhver gerist brotlegur, en áfengisverzlun tilkynnir útibúum sínum brotið, svo og veitingastöðum þeim, er vinsöluleyfi hafa.

12. gr.

Áfengisverzlunin setur merki sitt á hverja flösku, sem verzlunin lætur úti. Hver sem notar eftirmynd af merkjunum eða misbrúkar þau á nokkurn hátt, sæti refsingu samkvæmt lögum.

13. gr.

Hæfilegur skipsforði, er hafa má óinnsiglaðan, telst vera 1 litri á dag handa hverjum þremur skipverjum, á meðan skipið er hér við land og sé eingöngu miðað við þá, sem náð hafa 21 árs aldri. Af skipsforða má ekki selja og ekki gefa öðrum en skipverjum.

14. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum laga nr. 69 frá 1928 og nr. 64 frá 1930.

15. gr.

Reglugerð þessi gengur þegar í gildi, og er jafnframt úr gildi numin reglugerð nr. 67 frá 1928.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. nóvember 1931.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

Gissur Bergsteinsson.